

**Sp. 97. Tillaga til þingsályktunar [93. mál]**

um heildarlöggjöf um nýtingu og rétt til óbyggða, afrétta og almenninga.

Flm.: Ásberg Sigurðsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa þriggja manna nefnd til að gera könnun á eignarrétti, takmörkuðum eignarréttindum, svo sem ítökum og afnotarétti, svo og landamerkjum afrétta, almenninga á landi og í vötnum og annarra óbyggðra svæða á landinu. Enn fremur að undirbúa heildarlöggjöf um nýtingu og rétt til þessara svæða.

Skal leggja frumvarp um þetta efni fyrir Alþingi svo fljótt sem unnt er.

**Greinargerð.**

Fyrir fáum árum var meginhluti Íslands talinn óbyggilegur, ónýtanlegur nema til beitar búfé, þar sem gróður var.

Nútímahugmyndir um þetta efni eru allt aðrar. Komið hefur í ljós, að í hinum auðu og óbyggðu svæðum felast mikil verðmæti, og líkur benda til, að mun meiri hluti landsins sé í raun byggilegur en talið hefur verið. Hugmyndir manna um nýtingu vatnsorku hafa gjörbreytzt á síðustu árum, og margir líta á jökla vora sem hin mestu verðmæti landsins. Þar sé fólgin sú orka, sem ókomnar kynslóðir Íslendinga muni nota og megi jafna til kolanáma og olíu- og gaslinda annarra landa.

Þótt landamerkjalog hafi verið í gildi hér á landi um langt skeið, hefur komið í ljós, að landamerki eru víða mjög óglögg, og sérstaklega er óljóst um takmörk lögbýla og afrétta og almenninga. Skýr ákvæði skortir um rétt til afrétta og almenninga. Má í því sambandi benda á hin miklu málaferli, sem hafa verið um Veiðivatna-svæðið og svo Nýjabæjarafrétt og Laugarfellsöræfi. Þá munu risin mikil málaferli um rétt til botns í almenningum vatns.

Af þessu er ljóst, að óhjákvæmilegt er að taka þessi mál til gagnrýningar athugunar og reyna að koma fastri skipan á þessi mál, þannig að réttarstaða þeirra, sem hér eiga hagsmuna að gæta, verði skýrt mörkuð. Má búast við, að það sé mikið verk og taki langan tíma, og má segja að of seint sé af stað farið.

Þetta mál þolir enga bið.